

þjer, herra landshöfðingi minnizt á, og hefði hann ekki viljað segja annað í því, en að síld væri gjaldskyld, þegar hin almennu lögákveðnu skilyrði væru fyrir hendi.

Með því að ráðgjafinn þannig fyrir sitt leyti verður að ætla, að heimild vanti til að krefja hina færeysku útgjörðarmenn, sem hjer er um að ræða, um spítalagjald, ef afinn hefir ekki verið lagður á land, og með því að það, hvað öðru líður ekki virðist ráðgjafanum hentugt, að leita úrlausnar dómstólanna í öðrum ríkishlutum um skilning íslenzkra laga, hefir ekki þótt ástæða til að gjöra meira í þessu máli.

Þetta er þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar. 2 fylgiskjölín við ofannefnd brjef endursendast og sömuleiðis ávísun sú, er fylgdi öðru brjefi yðar, herra landshöfðingi frá 27. febr. þ. á. og gefin hefir verið út af færeyskum skipstjóra J. Chr. Degn fyrir 95 kr. 31 e. spítalagjaldi og hefir samkvæmt því, sem að framan er tekið fram, ekki þótt nægileg ástæða til að innheimta það. Hinni ávísuninni, er fylgdi tjeðu brjefi, og sem færeyskur kaupmaður Tærgesen hefir gefið út, hefir þar á móti þótt rjettast að halda eptir, þangað til álit er fengið um erindi það frá Tærgesen kaupmanni, er fylgdi brjefi ráðgjafans frá 10. febrúar þ. á.

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir sudur- og vesturumdæminu um setudómara í sakamáli.** — Með brjefi dags. 1. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer endurrit eptir prófum þeim, er hinn skipaði setudómari Jón ritari Jónsson hefir haldið til rannsóknar á dauðdaga Kristmanns Jónssonar, og hafið þjer þar með sent tillögu þá, er hann sendi amtinu ásamt endurriti af prófunum og sömuleiðis endurrit af dómi, sem kveðinn var upp í hinum kgl. íslenzka landsyfirrjetti 27. marz þ. á., og sem ónýtir fangelsis-úrskurð, er tjeður setudómari hafði upp kveðið undir rannsókn málsins. Hafið þjer, herra amtmaður, lagt undir úrskurð minn, hvort framhalda skuli tjeðu máli, og verði það af ráðið, hvort þá beri að útvega konunglegt umboð («comm-issorium») handa Jóni ritara Jónssyni til að halda fram rannsókninni og á sínum tíma að dæma málið.

Út af þessu vil jeg tjá yður, herra amtmaður, það, er nú greinir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Jeg fæ ekki betur sjeð en að rannsókn hins setta dómara hafi rekin verið með slíku vandlæti og röggsemi, að naumast sje neitt útlit til, að frekari skýrslur, er verulega þýðingu hafi, mundu fást um dauðdaga Kristmanns Jónssonar, þótt rannsókn-um yrði á fram haldið. Og þótt nú efi geti á því leikið, hvort líkur þær, sem fram eru komnar gegn Guðmundi Jónssyni, sjeu nægar til þess, að hann eptir þeim verði dæmdur sekur í að hafa valdið dauða Kristmanns, eru þær þó svo lagaðar, að jeg verð að álíta það rjettast, að sönnunar-þýðing þeirra sæti úrslitum dómstólanna. Því ber að skipa málshöfðun honum á hendur fyrir brot gegn 189. og 190. gr. alm. hegningarlaga, og í sambandi við það móti Mettu Egilsdóttur og Sigurbóri Ólafssyni fyrir brot gegn 148. gr. alm. hegningarlaga.

Hinsvegar virðist mjer, að þegar á ásikkomulag málsins er lítið, eins og það liggur nú fyrir, eptir að rannsókninni í öllu verulegu er lokið, þá sje eigi næg ástæða til að skipa sjerstakan dómstól til að dæma málið, er hefir verið rannsakað af setudómara á reglulegu dómspingi, og því hefir mjer þótt rjettast að fallast eigi á tillögu yðar herra amtmaður, um að útvega konunglega umboðsskra handa Jóni landritara Jónssyni; en jeg vil skora á yður að annast um, að ofantjed málsókn verði hófðuð á

92 viðkomandi aukabingi fyrir hinum reglulega dómara eða þá setudómara; en það verður 8. maí. auðvitað undir dómsúrskurði komið, hvort ástæða sje til að taka rannsóknina upp að nýju eða nokkra hluta hennar, og verði hjeradsdómurinn þá sjálfur að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem nauðsynlegar eru til þess, að málið, er þar að kemur, geti orðið lagt fyrir yfirjettinn í því ástandi, að eigi þurfi að vænta að málsmeðferðin verði dæmð ómerk.

Því skal jeg bæta við, að jeg er yður að visu samdóma, herra amtmaður, um það, að sú skoðun sje ekki rjett, er yfirjettardómurinn er byggður á, að amtsbrjefið 4. febr. þ. á., sem skipar Jón landritara Jónsson til að framhalda rannsókn þeirri, er hjer reður um, í stað hins reglulega dómara Theodórs bæjarfógeta Jónassens, verði að skoða sem «*commissorium*», sem landshöfðingja og amtmann hafi brostið heimild til að gefa. En það er auðvitað, að eini vegurinn til að fá breytt yfirjettardómi þeim, sem á þessari skoðun er byggður, er sá, að skjóta málinu til hæstarjettar; en mjer hefir eigi þótt ástæða til að gefa tilefni til, að það væri gjört, að því er snertir fangelsisúrskurðinn yfir Sigurþóri Ólafssyni.

Hinsvegar virðist mjer þetta ekki næg ástæða til, að skipa sjerstakan dómstól til að dæma mál þetta, með því að ætla má, að þá er yfirjetturinn kvað dóminn upp um fangelsisúrskurð þann, er til hans var skotið, hafi eigi fyrir honum legið brjef yðar, herra amtmaður, frá 3. jan. þ. á. (prófsgjörðirnar bls. 44—46), þar sem skýrlega er tekið fram, hver tilgangurinn væri með að skipa setudómara, og af hverjum ástæðum amtið óskaði samþykkis landshöfðingja til þess að fela starf þetta Jóni landritara Jónssyni. Og þar að auki getur hjeradsdómurinn eins og áður er ávíkið, áður en hann dæmir í málinu tekið nauðsynlegt tillit til dóms þess, er yfirjetturinn hefir upp kveðið.

Skjöl málsins endursendast með þessu brjefi.

93 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir uorður- og austurumdæminu um 8. maí. lögsókn gegn Norðmönnum. — Með brjefi frá 11. f. m. senduð þjer mjer, herra amtmaður, skýrslur sýslumannanna í Eyjafjarðarsýslu og í báðum Múlasýslum um, hvernig Norðmenn þeir, er árið sem leið stunduðu fiskiveiðar í landhelgi hafi fullnægt fyrir mælum laganna að því, er snertir skilyrðin fyrir að mega stunda þenna atvinnuveg, og hafið þjer lagt það nndir úrskurð minn, hvort eigi bera að láta lögsökja hlutadeigendur, þegar þeir koma hingað til lands á yfirstandandi sumri, fyrir ólöglegar fiskiveiðar að því leyti til, að þeir hafa eigi fullnægt því skilyrði að hafa fastan bústað hjer á landi, og þar að auki að brýna fyrir lögreglustjörum að gefa eptirleiðis nakvæmar gætur að því, að þeir Norðmenn, sem hafa tekið sjer bústað hjer, noti eigi við fiskiveiðarnar önnur skip en þau, sem hafa einkunn innlendra skipa.

Út af þessu vil jeg geta þess, að jeg í brjefi frá 2. þ. m. hefi lagt fyrir yður, herra amtmaður, að brýna fyrir viðkomandi lögreglustjörum það, sem nauðsyn er á, að því er snertir eptirlitið framvegis með Norðmönnum þeim, sem hjer eiga hlut að máli samkvæmt ráðgjafabrjefum frá 7. febr. og 14. april þ. á. (stjornartíð. B 74, 75 og 76) og skal jeg nú, um leið og jeg vísa til 3. málsgreinar hins síðast nefnda brjefs, að því er snertir notkun opinna báta við nefndar fiskiveiðar, þjónustusamlega tjá yður, að jeg er samdóma yður um, að lögsökja beri þá Norðmenn, sem eigi hafa fullnægt fyrir mælum laganna um að taka sjer fastan bústað hjer á landi, svo að dómstólarnir geti gjört út um það, hvort skilyrðum þeim, er lögin ákveða fyrir að stunda fiskiveiðar í landhelgi hafi verið fullnægt í hverju einstöku tilfelli.